



Viðtakandi Utanríkismálanefnd Alþingis
Sendandi Utanríkisráðuneytið

Dagsetning 15.06.2026
Málsnúmer UTN25010216

Vegna gagnkvæms skilnings milli íslenskra stjórnvalda og Evrópusambandsins í aðildarviðræðuferlinu 2009-2013 um að ráðast ekki í breytingar á stofnunum eða lagabreytingar fyrr en fyrir lægi að Ísland yrði aðildarríki

Samantekt að frumkvæði utanríkisráðuneytisins. Minnisblaðið er lagt fram til upplýsingar.

Það varð gagnkvæmur skilningur milli íslenskra stjórnvalda og Evrópusambandsins (ESB) snemma í aðildarviðræðuferlinu 2009-2013 um að Ísland myndi ekki ráðast í breytingar á stofnunum og þær lagabreytingar sem af aðild myndi leiða fyrr en fyrir lægi að Ísland yrði aðildarríki. Þannig féllst ESB á rök íslenskra stjórnvalda um að ekki mætti gefa sér fyrirfram útkomu þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að sambandinu og því ættu breytingar sem af aðild leiddu ekki að eiga sér stað fyrr en íslenska þjóðin hefði tekið afstöðu til aðildarsamnings. Kemur þetta m.a. fram í skýrslu utanríkisráðuneytisins, *Aðildarviðræður Íslands og ESB - Framvinda og staða*¹ frá apríl 2013. Marta Kos, framkvæmdastjóri stækkunarmála innan framkvæmdastjórnar ESB staðfesti þennan gagnkvæma skilning í viðtali við RÚV hinn 9. júní sl.²

Ljóst er að þessi gagnkvæmi skilningur var í heiðri hafður milli samningsaðila, enda er utanríkisráðuneytinu ekki kunnugt um að farið hafi fram nein aðlögun, hvorki hvað varðar lagabreytingar eða stofnanamál, á þeim fjórum árum sem viðræður Íslands og ESB stóðu yfir á árunum 2009-2013, umfram innleiðingu reglna á grundvelli skuldbindinga EES-samningsins.

Þessi gagnkvæmi skilningur íslenskra stjórnvalda og ESB mótaðist í gegnum framkvæmd og hafði áhrif með ýmsum hætti. Þannig kemur fram í minnisblaði utanríkisráðherra sem lagt var fram í ríkisstjórn til undirbúnings rýnifundar um 11. kafla viðræðnanna, um landbúnaðar og dreifbýlisþróun, sem utanríkismálanefnd var sent 15.5. 2026 vegna gagnabeiðni nefndarinnar vegna 516. máls, sú afstaða stjórnvalda „...að undirstrika jafnframt að breytingar á lagaumhverfi eða stofnunum eigi sér ekki stað fyrr en jáyrði liggi fyrir sem niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu“. Er hér átt við þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning og aðild að ESB að loknum aðildarviðræðum.

Má jafnframt benda á að á sviðum landbúnaðar- og dreifbýlismála annars vegar og byggðamála hins vegar óskaði ESB eftir því að íslensk stjórnvöld leggðu fram aðgerðaáætlanir um hvernig stjórnvöld hygðust skilgreina og setja upp greiðslustofnanir til að meðhöndla stuðningsgreiðslur úr sjóðum ESB. Við gerð umbeðinna áætlana gerðu íslensk stjórnvöld ráð fyrir, líkt og greinir í framangreindri afstöðu stjórnvalda, að ekki yrði ráðist í uppsetningu slíks fyrirkomulags fyrr en að undangengnu samþykki íslensku þjóðarinnar fyrir aðild að ESB. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu ESB við þetta

¹Sjá nánar: [Aðildarviðræður Íslands og ESB - Framvinda og staða](#), bls. 8

² [Samkomulag til staðar í aðildarviðræðunum við ESB 2010 - RÚV.is](#)

fyrirkomulag og voru áætlanir Íslands samþykktar. Í framhaldinu bauð ESB svo Íslandi að leggja fram samningsafstöðu í þessum köflum viðræðnanna.

Ákveði þjóðin að taka að nýju upp aðildarviðræður við Evrópusambandið í boðaðri þjóðaratkvæðagreiðslu þann 29. ágúst nk., verður upplegg íslenskra stjórnvalda það sama og í fyrri viðræðum. Ekki verði ráðist í neinar breytingar á stofnunum, kerfum og lögum og regluverki fyrr en að undangengnu endanlegu samþykki íslensku þjóðarinnar fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu í seinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ef upp kæmu tilvik þar sem þörf væri talin á breytingum samhliða aðildarviðræðum og það væri talið þjóna innlendum markmiðum, yrði ekki ráðist í þær án samráðs við Alþingi, auk þess sem upptaka og innleiðing gerða á grundvelli EES-samningsins myndi halda áfram í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum.